

Gátlisti

Það sem aðstandendur þurfa að hafa í huga:

- Hafa samband við útfararstjóra.
- Útfararstjóri sér um að flytja þann látna af dánarstað í líkhús.
- Aðstandendur eða útfararstjóri hafa samband við prest.
- Útfararstjóra gefið upp fullt nafn, lögheimili, kennitölu, dánardag og dánarstað þess látna, nafn nánasta aðstandanda, heimilisfang, kennitölu og síma.
- Flutningur á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutningur á kistu til landsins eða frá landinu.
- Athuga hvort einhverjar óskir liggi fyrir frá þeim látna.
- Kista og líkklæði valin.
- Ákveða hvernig snyrta á þann látna.
- Ákveða hvort kistulagningarbæn skuli fara fram.
- Tímasetning og staður fyrir kistulagningarbæn.
- Ákveða hvort tónlist skuli vera við kistulagningarbæn.
- Dánarvottorð fengið og andlát tilkynnt til sýslumanns.
- Auglýsa andlát í fjölmiðlum.
- Tímasetning og staður fyrir útför ákveðin.
- Auglýsa útför í fjölmiðlum.
- Legstaður valinn.
- Organisti, kór, einleikari, einsöngvari eða annað listafólk valið.
- Tónlist við útför valin.
- Upplýsingar fyrir prest vegna minningarorða.
- Skreytingar eða fáni valin.
- Blóm á altari.
- Blóm og kransar frá aðstandendum.
- Blóm og kransar afpakkaðir.
- Hversu margir eiga að bera kistu við athöfn og í kirkjugarði.
- Ákveða hvort bera eigi blóm og kransa við athöfn og í kirkjugarði.
- Ákveða hvort gera eigi sálmaskrá.
- Erfidrykkja og gestabók.
- Trékross og skilti á leiði.
- Legsteinn og áletrun.
- Athuga með þakkarkort/auglýsingu.
- Athuga útfararstyrk frá stéttarfélagi eða félagsþjónustu.
- Ef bálför er valin þá þarf að fylla út eyðublað hjá útfararstjóra.
- Greftrun á duftkeri.
- Prestur viðstaddur greftrun á duftkeri.